



Stöðugleiki á vinnumarkaði – en hópuppsagnir kunna að setja strik í reikninginn

Áframhaldandi spennu á vinnumarkaði




Niðurstöður vinnumarkaðskönnunar Hagstofunnar sýna að mikill stöðugleiki ríkir á íslenskum vinnumarkaði. Töluverðar sveiflur eru eftir mánuðum og árstíðum eins og eðlilegt er, en sé litið á 12 mánaða meðaltöl má sjá að sumar stærðir breytast ekki mikið. Það á t.d. við um atvinnuþátttöku, vinnutíma og atvinnuleysi. Segja má að einu stærðirnar sem þokast upp á við snúi að fjölda fólks á vinnumarkaði, t.d. fjölda starfandi sem breytist nokkurn veginn í samræmi við fjölgun þjófðarinnar.

Fyrsta áfallið í langan tíma

Hópuppsagnir Wow air þann 13. desember sl. eru þær stærstu sem sést hafa lengi. 111 fastráðnum starfsmönnum var sagt upp og munu samningar við verktaka og tímabundna starfsmenn ekki verða endurnýjaðir að svo stöddu en þar er um að ræða rúmlega 200 manns. Auk þess var 237 starfsmönnum þjónustuaðila WOW í Flugstöð Leifs Eiríkssonar, Airport Associates, sagt upp í lok nóvember. Ekki er enn vitað hvort uppsagnir og afleiðingar þeirra ná til fleiri starfsmanna, en alls er þarna um u.þ.b. 550 manns að ræða ef allt fer á versta veg. Miðað við tölur Hagstofunnar hér að neðan væri atvinnuleysi 3,1% væru þessir starfsmenn taldir með en ekki 2,9% eins og staðan var í október. Að sama skapi gæti skráð atvinnuleysi skv. tölum Vinnumálastofnunar orðið 2,7% en ekki 2,4% ef allir þessir einstaklingar færu á atvinnuleysissskrá.

Tölur fyrir október

Samkvæmt vinnumarkaðsrannsókninni er áætlað að 204.700 manns á aldrinum 16–74 ára hafi verið á vinnumarkaði í október 2018, sem jafngildir 81,2% atvinnuþátttöku. Af þeim voru 198.700 starfandi og





6.000 án vinnu og í atvinnuleit. Hlutfall starfandi af mannfjölda var því 78,9% og hlutfall atvinnulausra af vinnuafli var 2,9%. Starfandi fólk var um 5 þúsund fleira nú í september en í október í fyrra. Fjöldun starfandi fólks á vinnumarkaði var mikil og stöðug fram á mitt síðasta ár sé miðað við 12 mánaða meðaltal. Þá tók við tímabil minni aukningar, en upp á síðkastið hefur færst meiri kraftur í aukninguna.

Atvinnuþátttaka hefur minnkað töluvert

Atvinnuþátttaka í október í fyrra var 81,9% og 81,2% í ár, þannig að þróunin hefur verið niður á við frá síðasta ári.

Sé litið á 12 mánaða meðaltal jókst atvinnuþátttaka stöðugt frá upphafi ársins 2015 fram til vorsins 2017. Frá maí 2017 fram til maí í ár dró úr atvinnuþátttöku um 1,8 prósentustig, sé miðað við 12 mánaða hlaupandi meðaltal, en atvinnuþátttaka hefur verið mjög stöðug síðan og nær óbreytt frá því í maí í ár. Á þennan mælikvarða er atvinnuþátttaka nú svipuð og var í upphafi ársins 2015.

Atvinnuþátttaka karla er jafnan meiri en hjá konum. Á síðustu 15 árum hefur atvinnuþátttaka kvenna að jafnaði verið 91,4% af atvinnuþátttöku karla. Þessi munur hefur þó verið mismunandi á tímabilinu. Í júlí 2008 fór atvinnuþátttaka kvenna niður í 89% miðað við karla, en jókst svo mikið eftir það. Hæst fór hlutfall atvinnuþátttöku kvenna upp í 93,9% miðað við karla vorið 2013, lækkaði síðan fram á haustið 2017 og hefur hækkað síðan.


Vinnutími lengist

Lengd vinnutíma var sú sama í október og fyrir ári síðan, 38,9 stundir. Sé miðað við 12 mánaða meðaltal var vinnutíminn í október næstum sá sami og var í sama mánuði í fyrra og hefur hann verið mjög stöðugur á þann mælikvarða allt þetta ár.


Atvinnuleysi stöðugt og í lágmarki

Sé litið á 12 mánaða hlaupandi meðaltal hefur atvinnuleysi verið nær óbreytt lengi eftir að það minnkaði stöðugt fram á mitt síðasta ár. Meðalatvinnuleysi síðustu 12 mánaða miðað við mælingar Hagstofunnar var 2,8% í október og hefur sú tala verið nær óbreytt í rúmt ár og var einnig 2,8% í október í fyrra. Meðalatvinnuleysi síðustu 12 mánaða samkvæmt tölum Vinnuálagstofnunar um


Venjulegar vinnustundir



Atvinnuleysi skv. mælingum Hagstofu og Vinnuálagstofnunar



Meðalatvinnuleysi síðustu 12 mánuði eftir kynjum og svæðum





skráð atvinnuleysi var 2,2% nú í október, og var einnig 2,2% í október í fyrra. Atvinnuleysi virðist því hafa náð lágmarki og er þess ekki að vænta að dragi meira úr því, frekar að það aukist samfara minni hagvexti.

Svipað mynstur atvinnuleysis eftir svæðum


Sé litið á skráð atvinnuleysi eftir svæðum kemur upp svipuð mynd og verið hefur lengi. Atvinnuleysi meðal kvenna er meira en karla allsstaðar nema á Vestfjörðum. Atvinnuleysi er enn mest á Suðurnesjum og á það við um bæði kyn. Þar á eftir koma höfuðborgarsvæðið og Norðurland eystra í svipaðri stöðu. Staðan hvað atvinnuleysi varðar er best á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum.

Breytingin á skráðu atvinnuleysi er mismunandi eftir svæðum. Sé litið á breytinguna síðustu 2 ár, frá október 2016, sést að hlutfall atvinnuleysis hefur aukist allsstaðar nema á Austurlandi og Vestfjörðum. Langmesta aukningin er á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysi hefur aukist um 1,3 prósentustig. Atvinnuleysi hefur aukist um 0,4 prósentustig á Norðurlandi vestra og Suðurlandi á þessum tíma. Heildaratvinnuleysi var 2% í október 2016 og 2,4% í október 2018. Tiltölulega stór hluti þessarar aukningar hefur greinilega orðið á Suðurnesjum.

Traustur vinnumarkaður

Sé hópuppsögn WOW air frátalin sýna tölur margra síðustu mánaða fá merki um að sterkur vinnumarkaður sé að gefa eftir. Atvinnuþátttaka hefur verið stöðug og það sama má segja um vinnutíma. Atvinnuleysi hefur verið í lágmarki og virtist frekar vera að þokast upp á við, en síðan hafa auðvitað orðið mikil tíðindi í þessum efnum. Þó því sé spáð að hagvöxtur fari eitthvað minnkandi á næstu árum mátti ætla að vinnumarkaðurinn héldi sterkri stöðu sinni áfram. Þessi síðasta hópuppsögn kemur út úr sérstökum aðstæðum og tæplega má búast við að fleira í þessum dúr komi í kjölfarið.

2ja ára breyting skráðs atvinnuleysis





Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.